

Sé hins vegar óskað þjónustu utan þess tíma greiðist yfirvinna viðkomandi starfsmanna að auki.

**12. gr.
Innheimta.**

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum eftir reikningum, er þeir gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnuninni í té afrit af skránni ár hvert.

Gjöldin skulu greiddast í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld samkvæmt öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af sömu aðilum eftir reikningum sem Siglingamálastofnunin gefur út, eftir því sem gjöldin falla til, þó skal heimilt að innheimta gjöldin á skrifstofu Siglingamálastofnunarinnar í Reykjavík, er hagkvæmt þykir.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum Siglingamálastofnunarinnar laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum, gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanns.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta samkvæmt reglugerð þessari í ríkissjóð, en krefja Siglingamálastofnun ríkisins um þóknun skoðunarmanna.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 53 12. maí 1970 og 15. gr. laga um skipamælingar, nr. 50 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun skipa nr. 169/1977.

Samgönguráðuneytið, 27. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

I. KAFLI.

Um innheimtu gjalds af innlögðum vörum búvöruframleiðenda.

1. gr.

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins sem hér segir:

- a) Mjólk og smjóri sem bændur selja mjólkurbúum, verslunum eða beint til neytenda.
- b) Kindakjöti, svo og slátri og kindainnyflum hverskonar sem framleiðendur selja sláturhúsum sem viðurkennd eru, samkvæmt lögum nr. 30, 28.04. 1966, og öðrum slátrunarstöðum sem samþykktir eru af Framleiðsluráði.

- c) Hrossa- og nautgripakjöti og húðum sem framleiðendur selja sláturhúsum sem viðurkennd eru samkvæmt lögum nr. 30, 28.04. 1966, og öðrum slátrunarstöðum sem samþykktir eru af Framleiðsluráði.
- d) Grænmeti og gróðurhúsaframleiðslu hverskonar, sem seld er verslunum, sölu- miðstöðvum eða öðrum söluaðilum.
- e) Garðávöxtum, er framleiðandi hefur lagt inn í verslun eða látið til sölu- miðstöðvar eða annarra söluaðila til sölu meðferðar.
- f) Eggjum sem seld hafa verið verslunum, sölu- miðstöðvum eða öðrum aðilum svo og af seldu fuglakjöti.
- g) Líffé, sem selt er vegna fjárskipta, svo og sölu lifandi hrossa og nautgripa sem verslanir, sölu- miðstöðvar eða aðrir söluaðilar versla með.
- h) Gærum og ull, sem seld er í verslanir eða verksmiðjur.
- i) Grávöru hverskonar, sem framleiðendur selja verslunum eða verksmiðjum, inn- anlands eða utan.
- j) Svínakjöti, sem framleiðendur selja verslunum, sláturhúsum eða öðrum viður- kenndum slátrunarstöðvum.
- k) Æðardúnn, sem seldur er verslunum, hvort sem hann er seldur innanlands eða til útflutnings.
- l) Skírum veiðitekjum, (veiðileiga að frádregnum kostnaði, af útleigðri lax- og silungsveiði) svo og af laxi og silungi sem veiddur er í net og seldur er verslun- um eða öðrum aðilum.

2. gr.

Gjald það sem um ræðir í 1. gr., skal vera 1% af verði því sem framleiðendum er greitt fyrir vöruna hverju sinni og rennur það í Stofnlánadeild landbúnaðarins.

3. gr.

Mjólkurbú, sláturhús, verslanir og aðrar sölu- miðstöðvar svo og hótél, veit- ingastaðir og önnur fyrirtæki sem veita vörum móttöku frá framleiðendum greiða gjald það sem um ræðir í 1. og 2. grein, enda dragist það frá andvirði vörunnar, þegar það er endanlega greitt framleiðendum og má aldrei hækka söluverð varanna fyrir gjaldi þessu. Nú tekur sláturhús grip til slátrunar sem framleiðandinn tekur aftur sjálfur til eigin neyslu eða sölu, ber sláturhúseiganda þá að innheimta hið lögboðna gjald af hinum slátraða grip og standa skil á því til innheimtumanna. Gildir þetta ákvæði um allar tegundir sláturgripa, sauðfé, hross, nautgrip, fugla og svín.

Þar sem innheimtu verður ekki komið við hjá sölusamtökum framleiðenda, er heimilt að krefja gjaldið hjá framleiðendum eða bönkum, ef um sölu til erlendra aðila er að ræða, eftir því sem eðlilegast þykir, að mati Framleiðsluráðs landbún- aðarins.

4. gr.

Innheimtunni skal hagað þannig, að verslanir og sölu- miðstöðvar eða aðrir, sem kaupa eða taka til sölu af framleiðendum gjaldskyldar vörur, skulu senda Framleiðsluráði landbúnaðarins ár hvert nákvæma skrá yfir magn vörunnar og verð hennar til framleiðenda, hvort tveggja fyrir næsta almanaksár á undan. Skránni skal fylgja hið lögboðna stofnlánadeildargjald, 1% af verði því sem fram- leiðendum er endanlega greitt fyrir vöruna, og skal hvort tveggja hafa borist Framleiðsluráði fyrir þann tíma, er hér segir:

Fyrir mjólk og smjör, grænmeti, gróðurhúsaframleiðslu, grávöru, garðávexti, egg, líffé, fuglakjöt, svínakjöt, lax og æðardún, eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Fyrir aðrar afurðir, svo sem sauðfjárafurðir, nautgripa- og hrossakjöt og húðir, eigi síðar

en 1. nóvember ár hvert. Að öðru leyti fer um gjaldheimtuna og skýrsluskil eftir þeim reglum, er Framleiðsluráð setur og er gjaldskyldum aðilum skylt að hlíta þeim.

5. gr.

Skili greiðsluskyldur aðili, sbr. 3. gr., eigi framtali til Framleiðsluráðs á réttum tíma, getur það áætlað gjaldið. Þyki greiðanda áætlunin ósanngjörn, skal hann, innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar um áætlunina, leggja fram fullnægjandi sannanir fyrir því að áætlunin sé of há og skulu umkvartanir greiðanda þá teknar til greina.

Framleiðendum búvara sem selja beint til notenda, er skylt að gera grein fyrir söluvörum sínum til Framleiðsluráðs.

6. gr.

Heimilt er, ef ástæða þykir til, að innheimta hið lögboðna gjald af bókfærðu áætlunarverði verslanana eða sölumiðstöðva og greiðist þá síðar gjald af eftirstöðvum verðsins, þegar endanlegt verð til framleiðenda liggur fyrir.

Nú er framtalsskýrsla ófullkomin eða tortryggileg eða sýnilega gerð til mála-mynda og er Framleiðsluráði þá heimilt að áætla gjaldið eins og að framan segir. Framleiðsluráð skal og, ef ástæða þykir til, sækja hlutaðeigendur til ábyrgðar fyrir vanrækslu á að skila skýrslum og gjöldum svo og fyrir ágalla á framtalsskýrslum. Dráttarvextir skulu teknir ef greiðsla gjalda dregst lengur en tvo mánuði fram yfir gjalddaga.

II. KAFLI.

Um innheimtu gjalda af söluvörum landbúnaðarins.

7. gr.

Auk gjalds, sem um ræðir í I. kafla þessarar reglugerðar, skal greiða sérstakt gjald (neytendagjald) af óniðurgreiddu heildsöluverði búvara innanlands, en sé ekki til skráð heildsöluverð, skal greitt af endanlegu söluverði frá framleiðanda. Gjald þetta skal vera 1% af verðinu. Einnig skal greiða jöfnunargjald, 1% er reiknað skal á sama hátt. Gjöld þessi skal einnig greiða af vörum sem fluttar eru úr landi. Gjöldin skal greiða af sömu vörutegundum og upp eru taldir í 1. gr. og af öllum mjólkurafurðum. Sömu aðilar skulu standa skil á þeim og taldir eru í 3 gr.

8. gr.

Gjöld þessi greiðast eftir á fyrir hálf t. á. í senn. Gjalddagar eru: 1. janúar fyrir mánuðina júní til nóvember, að báðum mánuðum meðtöldum, og 1. júlí fyrir mánuðina desember til júní. Af útfluttum landbúnaðarvörum, er njóta útflutningsbóta, skal þó greiða gjöld þessi hverju sinni um leið og útflutningsbætur eru greiddar. Í því tilviki að útflutningsbætur þrjóti skal reikna gjöldin einungis af söluverði varanna. Þá er einnig heimilt að innheimta gjöld þessi við gjaldeyrisstil útfluttra vara, þó á þær séu ekki greiddar útflutningsbætur.

9. gr.

Um innheimtu þessara gjalda gilda að öðru leyti sömu reglur og tilgreindar eru í 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar, eftir því sem við á.

III. KAFLI.

Almenn ákvæði.

10. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi innheimtu þeirra gjalda, er reglugerð þessi fjallar um. Skal því jafnan heimilt að athuga bókhald greiðsluskyldra aðila, vegna gjalda þessara, eftir því sem það telur þörf á.

Framleiðsluráð greiðir inn í Stofnlánadeild landbúnaðarins hin innheimtu gjöld, eigi síðar en mánuði eftir að þau hafa verið innheimt. Kostnað Framleiðsluráðs við innheimtu þessa greiðir Stofnlánadeild eftir reikningi.

Endurskoðendur Búnaðarbankans skulu endurskoða reikningsskil Framleiðsluráðsins fyrir gjöldunum og skal þeim heimill aðgangur að öllum þeim gögnum, er gjöldin varða og Framleiðsluráð getur í té látið.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 45, 16. apríl 1971, sbr. lög nr. 68, 30. apríl 1973 og lög nr. 60, 16. maí 1978 um breytingu á þeim lögum.

12. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 30. ágúst 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Sigþórsson.

ARÐSKRÁ

fyrir vatnasvæði Veiðifélags Varmár- og Þorleifslækjar.

Arðskráin gildir frá 31. mars 1978.

	Einingar
1. Arnarbælistorfa	500
2. Hraunstorfa	140
3. Núpar	220
4. Vötn	70
5. Kröggólfsstaðir	120
6. Saurbær	200
7. Þúfa	100
8. Yxnalækur	85
9. Vorsabær	510
10. Reykjatorfa	520
11. Grímslækir	100
12. Hjallatorfa	640
13. Riftún	17
14. Þóroddstaðir	74
15. Ytri-Þurá	25
16. Eystri-Þurá	220
	3 541

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. sept. 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnheiður Árnadóttir.